

USK Skipulag

Frá: Ólöf Harðardóttir <olof@uua.is>
Sent: fimmtudagur, 28. nóvember 2019 16:00
Til: USK Skipulag
Afrit: Glóey Helgudóttir Finnsdóttir; Harri Ormarsson; Erna Hrönn Geirsdóttir
Efni: Tilkynning um kæru 119/2019 - beiðni um upplýsingar um leyfishafa
Viðhengi: 28.11.2019 - 20191128141346883.pdf - (Ó.H.).pdf

Góðan dag

Efni. Tilkynning um kæru.

Meðfylgjandi er afrit stjórnslukæru, móttekin 28. nóvember 2019 ásamt fylgigögnum, þar sem kærð er „samþykkt skipulags- og samgönguráðs Reykjavíkurborgar frá 30. október 2019, um stæði fyrir vöruafgreiðslu – Týsgata við Lokastíg – Mál nr. US190344.“

Vegna framkominnar kröfu er farið fram á að úrskurðarnefndin fái í hendur gögn er málið varða og er stjórnvaldi gefið kostur á að tjá sig um kröfuna, 30 dagar frá dagsetningu þessarar tilkynningar, sbr. 5. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Jafnframt óskast upplýsingar um leyfishafa og netfang ef það liggur fyrir.

Óskast staðfest um móttöku.

Með kveðju

Ólöf Harðardóttir, skrifstofumaður
Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála
Skuggasundi 3, 101 Reykjavík, Iceland
Sími / Tel: (+354) 561 5111
www.uua.is - [Fyrirvari/Disclaimer](#)



Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður
Please consider the environment before printing

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála,
Skúlagötu 21,
101 Reykjavík.

Reykjavík 28. nóvember 2019,

Efni: Hótel Óðinsvé ehf. og Gamma ehf. kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála samþykkt skipulags- og samgönguráðs Reykjavíkurborgar frá 30. október 2019, um stæði fyrir vöruafgreiðslu – Týsgata við Lokastíg – Mál nr. US190344.

Undirritaður f.h. Hótel Óðinsvé hf., kt. 670514-0640, Þórsgötu 1, 101 Reykjavík og Gamma ehf., kt. 650705-0410, Skógarhlíð 12, 105, Reykjavík, hafa falið mér að kæra til Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, samþykkt skipulags- og samgönguráðs Reykjavíkurborgar frá 30. október 2019, um að sérmerkja stæði fyrir vöruafgreiðslu – Týsgata við Lokastíg.

Aðild:

Hótel Óðinsvé hf., kt. 670514-0640, Þórsgötu 1, Reykjavík hefur hagsmuna að gæta sem rekstraraðili hótels í fasteigninni.

Gamma ehf., kt. 650705-0410, Skógarhlíð 12, Reykjavík, hefur hagsmuna að gæta sem þinglýstur eigandi Týsgötu 8, Reykjavík.

Kröfur:

Kærendur gera kröfu til þess að hin kærða samþykkt verði felld úr gildi. Þess er jafnframt krafist að þau bílastæði sem um ræðir verði almenn bílastæði á gjaldsvæði 2.

Kæruheimild:

Um kæruheimild vísast til 4.gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála og 27.gr. stjórnsýslulaga nr. 138/2011.

Megin málsástæður:

Kærendur eru hagsmunagæsluaðilar við Týsgötu, Þórsgötu og Lokastíg. Um langt árabíl hefur vöruafgreiðsla fyrir hótelið og veitingastað þess verið um bakhurð í bílastæðaporti þess, við Lokastíg, í samræmi við óskir Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. Eru húsnæði kæranda í raun einu húsnæðin við Óðinstorg og nálægar götur sem þurfa á reglulegum vöruafgreiðslum sendibifreiða að halda. Hefur fyrirkomulagið við að afhenda varning Lokastígmegin gengið vel og ekki nokkrum til ama. Bílastæði við Týsgötu hafa verið nýtt sem almenn gjaldstæði.

Í ár hafa miklar framkvæmdir verið við Óðinstorg og nálægar götur (Týsgötu/Þórsgötu/Óðinsgötu). Ákaflega lítið samráð var haft við kærendur um framkvæmdina og útfærslu hennar.

Nú hefur komið á daginn að fyrir framan Hótel Óðinsvé hefur stæðum verið breytt úr almennum gjaldskyldum stæðum yfir í stæði til vöruafgreiðslu.

Þessi breyting, sem lögð var til af umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar, var samþykkt í skipulags- og samgönguráði Reykjavíkurborgar þann 30. október síðastliðinn. Bíður samþykktin nú staðfestingar lögreglu og í kjölfarið mun hún auglýst í Stjórnartíðindum.

Kærendur krefjast þess að hin tilvitnaða ákvörðun verði ógilt. Fyrir liggur að bílastæðum hefur verið fækkað mjög með þeim framkvæmdum sem staðið hafa yfir í sumar. Fækkar

stæðunum þannig að til hreinna vandræða horfir að mati kæranda fyrir viðskiptavini kæranda og annarra fyrirtækja á svæðinu.

Liggur nú fyrir að í stað þess að aðföng hótelsins séu afhent á stæði við Lokastíg eru bílastæði fyrir framan hótelið fest og ekki ætluð til annars en vöruafgreiðslu. Vísast hvað það varðar til yfirlitsmyndar sem fylgdi erindi ráðgjafarverkfræðings. Þar segir „Lagt er til að heimilt verði að afgreiða vörur, en annars óheimilt að stöðva og leggja á Týsgötu, merkt með rauðu.“ Með þessu yrði ekkert bílastæði fyrir framan hótelið, sem rekstraraðilar telja algjörlega ótækt.

Kærandinn Hótel Óðinsvé hf. hefur 35 ára reynslu af rekstri við Týsgötu. Telur hann fráleitt að sú staða sé nú uppi að þau örfáu bílastæði sem eftir eru, séu nú einvörðungu ætluð til vöruafgreiðslu, í stað þess að gestir hótelsins og veitingastaðarins sem og aðrir sem sækja þjónustu í hverfið, geti nýtt sér stæðin. Þetta þýði m.ö.o. að stæðin séu meira og minna ónotuð, þrátt fyrir þann mikla hörgul sem séu á bílastæðum í hverfinu.

Til viðbótar bætist við að mikil ruglingshætta er hvað stæðin varða og merkingu þeirra. Uppsett skilti er einvörðungu á íslensku, þrátt fyrir að mjög margir útlendingar eigi þarna leið um og nýti sér bílastæðin. Þá sé augljóst, miðað við hvernig gjaldvél bílastæðanna stendur að vegfarendur telji að þeir megi leggja í þessi stæði. Telja kærændur framlagðar myndir varpa ljósi á þetta nánar.

Hagsmunir kæranda Gamma ehf. fara saman við hagsmuni hótelsins að þessu leyti til þar sem íbúðir félagsins við Týsgötu 8 eru nýttar til skammtímagistingar.

Nú þegar hefur þetta valdið verulegum vandræðum og háum sektum fyrir viðskiptavini hótelsins og má búast við að það haldi áfram, enda koma nýir gestir í hverri viku. Kærendum þannig mikið í mun að ákvörðuninni verði breytt.

Þar sem boðað er að ákvörðunin eigi einvörðungu eftir að hljóta staðfestingu lögreglu er kærendum sá kostur einn nauðugur að kæra téða ákvörðun til úrskurðarnefndarinnar, m.t.t. skamms kærufrestar.

Telja kærændur að hin umþrætta framkvæmd muni leiða til verulegs óhagræðis fyrir hagsmunagæsluaðila og gesti kæranda og einnig kunni hin kærða ákvörðun að leiða til verðyrnnunar fasteigna kæranda.


Þá telur kærandi fyrirhugaða framkvæmd ekki vera í samræmi við skipulag.

Áskilnaður:

Áskilinn er því allur réttur til að reifa málið nánar og bera fram nýjar málsástæður og mótmæli, svo og að leggja fram ný skjöl í málinu. Þá er þess vænst að andmæli byggingarfulltrúans í Reykjavík verði send undirrituðum til skoðunar og e.. til andmæla og athugasemda.

Sent í netpósti á uua@uua.is – frumrit sent í ábyrgðarpósti.

Virðingarfyllst,
f.h. Hótel Óðinsvé og Gamma



Lúðvík Örn Steinarsson hrl.

Meðfylgjandi:

1. Samþykkt fyrir skipulags- og samgönguráð Reykjavíkurborgar.
2. Fundargerð skipulags- og samgönguráðs Reykjavíkurborgar, fundur nr. 52.
3. Tillaga Ráðgjafarverkfræðings dags. 24. október 2019.
4. Tölvupóstsamskipti vegna sekta.
5. Ljósmyndir
6. Umboð.

Samþykkt fyrir skipulags- og samgönguráð Reykjavíkurborgar

Umboð

1. gr.

Skipulags- og samgönguráð starfar í umboði borgarráðs með þeim hætti sem nánar er kveðið á um í samþykkt þessari, skipulagslögum nr. 123/2011, sbr. 6. gr. laganna, samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 715/2013 og eftir því sem lög mæla fyrir um, sbr. einnig heimild í 1. mgr. 37. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Verksvið

2. gr.

Skipulags- og samgönguráð skal móta stefnu í skipulags- og samgöngumálum, taka ákvarðanir og gera tillögur til borgarráðs hvað varðar verksvið þess. Jafnframt hefur ráðið eftirlit með rekstri umhverfis- og skipulagssviðs og að samþykktum og stefnumörkun Reykjavíkurborgar á verksviði ráðsins sé fylgt. Þá fer ráðið með önnur þau verkefni sem borgarráð ákveður. Umhverfis- og skipulagssvið annast framkvæmd stefnu og verkefna ráðsins og samskipti við aðrar stofnanir borgarinnar.

Verkefni

3. gr.

Skipulags- og samgönguráð fer með verkefni skipulagsnefnda skv. skipulagslögum, eftir því sem nánar segir til um í samþykkt þessari. Þá fer skipulags- og samgönguráð með málefni Bílastæðasjóðs.

Til að vinna að markmiðum skv. 2. gr. hefur skipulags- og samgönguráð m.a. með höndum eftirtalin verkefni á sínu sviði:

A. Á sviði skipulags- og byggingarmála:

1. Er borgarráði og öðrum borgaryfirvöldum til ráðuneytis á sviði skipulagsmála, þ.m.t. vegna umhverfismats áætlana.
2. Hefur frumkvæði að gerð skipulagstillagna og skilmála og gerir tillögur til borgarráðs um skipulagsáætlanir og breytingar á þeim, þ.m.t. varðandi skipulag umferðar.
3. Afgreiðir leyfi til skiptingar jarða, landa, lóða og breytinga á landamerkjum og lóðarmörkum skv. 48. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
4. Veitir menningar-, íþrótt- og tómstundaráði umsagnir um mál er varða húsafriðun skv. ákvæðum laga nr. 80/2012 um menningarminjar. Jafnframt getur ráðið gert tillögur til menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs um gerð umsagna um hverfis- og deiliskipulagstillögur á svæðum sem lúta borgarvernd samkvæmt aðalskiplagi Reykjavíkur og eru skilgreind sem hverfisverndarsvæði.
5. Gerir tillögur til borgarráðs um fjárveitingar úr húsverndarsjóði skv. reglum borgarráðs þar um.
6. Veitir menningar-, íþrótt- og tómstundaráði umsagnir um staðsetningu hvers konar myndverka á almannafæri.
7. Ráðið getur óskað eftir að fá til umsagnar byggingarleyfisumsóknir sem byggingarfulltrúa berast.
8. Gerir tillögu til borgarráðs um götunöfn að fengnum tillögum byggingarfulltrúa.

B. Á sviði samgangna og umferðarmála:

1. Vinnur að gerð samgöngustefnu Reykjavíkurborgar og gerir tillögur um forgangsroðun framkvæmda á sviði samgöngumála.

2. Mótar stefnu í umferðaröryggismálum, sem hluta af samgöngustefnu, fjallar um aðgerðir til að auka umferðaröryggi.
3. Vinnur að umferðarfræðslu skv. 116. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.
4. Mótar stefnu á sviði almenningssamgangna m.a. með því að gera tillögur um breytingar á leiðakerfi Strætó bs.
5. Mótar stefnu í bílastæðamálum í Reykjavík og gerir tillögur til borgarráðs um forgangsstöðun á því sviði. Fer með málefni Bílastæðasjóðs og gerir tillögur til borgarráðs um gjaldskrá sjóðsins.

C. Á sviði framkvæmda:

1. Gerir tillögur um forgangsstöðun framkvæmda á vegum borgarinnar í málum á verksviði sviðsins.
2. Vinnur að þróun þeirra krafna, sem gerðar eru til framkvæmda og mannvirkjagerðar á vegum borgarinnar.
3. Gerir tillögur til borgarráðs að framkvæmdum á samgöngukerfi borgarinnar að teknu tilliti til forgangsstöðunar og fjárveitinga.
4. Fylgist með skráningu og tíðni slysa og óhappa í umferðinni og forgangsraðar framkvæmdum innan umferðaröryggisáætlunar.
5. Gerir tillögur til lögreglustjóra eða leitar samþykkis hans varðandi breytingar á varanlegum sérákvæðum um notkun vega til umferðar og aðrar ákvarðanir sem hljóta þurfa staðfestingu yfirvalda, sbr. 81.-83. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 12. gr. samþykktar þessarar.

Ágreiningi um hvort tiltekið erindi eigi undir ráðið ber að vísa til borgarráðs.

4. gr.

Skipulags- og samgönguráð skal ávallt í störfum sínum fylgja öllum stefnumarkandi og almennum samþykktum borgarstjórnar og borgarráðs.

Skipan

5. gr.

Skipulags- og samgönguráð er skipað sjö fulltrúum kjörnum af borgarstjórn og jafnmörgum til vara. Borgarstjórn kýs formann og skal hann vera borgarfulltrúi. Ráðið kýs sér varaformann og skiptir að öðru leyti með sér verkum. Kjörtímabil ráðsins er hið sama og borgarstjórnar.

Framboðslista sem á fulltrúa í borgarstjórn en ekki í ráðinu er heimilt skv. ákvæðum sveitarstjórnarlaga að tilnefna borgarfulltrúa til að sitja fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétt, þar sem skipulags- og samgönguráð hefur heimild til að fullnaðarafgreiða mál.

Skipulags- og samgönguráð getur í sérstökum tilfellum skipað undirnefndir, stýri- eða starfshópa til að fjalla um afmarkaða málaflokka eða verkefni í samræmi við reglur Reykjavíkurborgar um starfs- og stýrihópa. Slíkum nefndum og hópum skal setja erindisbréf þar sem skilgreind eru helstu verkefni og starfinu sett tímamörk. Tilkynna skal um skipan allra undirnefnda, stýri- og starfshópa til borgarráðs.

Verkstjórn og verkaskipting

6. gr.

Formaður skipulags- og samgönguráðs er í forsvari fyrir ráðið um stefnumótun og ákvarðanir þess, eftir því sem við á, og hefur ásamt öðrum fulltrúum í ráðinu eftirlit með framkvæmd mótaðrar stefnu í málaflokknum.

Sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs ber ábyrgð á framkvæmd ákvarðana ráðsins og rekstri til stjórnarsýslu sviðsins, þ.m.t. að fjármál og starfsmannamál séu innan heimilda og í samræmi við stefnu borgaryfirvalda.

Boðun funda og fundarsköp

7. gr.

Skipulags- og samgönguráð heldur að jafnaði þrjá til fjóra fundi í mánuði. Formaður getur boðað til aukafunda eftir þörfum. Komi fram ósk þriggja fulltrúa um fund í ráðinu ber að verða við því. Fella má niður fundi í alls tvo mánuði að sumarlagi.

Formaður boðar til funda, ákveður dagskrá í samráði við sviðsstjóra og stýrir fundum ráðsins. Á dagskrá skulu m.a. tekin mál sem fulltrúar í ráðinu hafa óskað eftir að tekin verði þar fyrir, enda séu þau á verksviði ráðsins. Reglulegir fundir skulu boðaðir með a.m.k. 36 klukkustunda fyrirvara, dagskrá skal fylgja fundarboði auk þess sem birta skal hana á opnum vef Reykjavíkurborgar ásamt fundargögnum. Rafræn boðun fundar og útsending fundargagna telst fullgild boðun. Aukafundi skal boða með a.m.k. sólarhrings fyrirvara ef því verður við komið.

Heimilt er að taka mál til meðferðar í ráðinu þótt ekki sé það tilgreint á útsendri dagskrá en skylt er þá að fresta afgreiðslu þess til næsta fundar sé þess óskað. Um fundarsköp fer eftir samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 715/2013 eftir því sem við á.

Sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs skal sitja fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétt. Jafnframt skulu skipulagsfulltrúi, byggingarfulltrúi og skrifstofustjórar sviðsins sitja fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétt undir þeim liðum sem varða þeirra verksvið. Þá getur ráðið boðað til fundar einstaka starfsmenn Reykjavíkurborgar, sem og aðra þá sem það telur þörf á hverju sinni.

Fundaskipulag og ritun fundargerða

8. gr.

Ráðsfundur skal að jafnaði haldinn fyrir luktum dyrum og er þá óheimilt að greina opinberlega frá ummælum sem fram koma hjá einstökum fundarmönnum. Ráðið skal halda gerðabók og senda eftirrit fundargerða til borgarráðs jafnóðum ásamt afgreiðslufundargerð byggingarfulltrúa sem lögð er fram á fundi ráðsins. Um ritun fundargerða fer eftir leiðbeiningum innanríkisráðuneytisins um ritun fundargerða sveitarstjórna, sbr. 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, sbr. 15. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 715/2013, og verklagsreglum skrifstofu borgarstjórnar.

Skrifstofa sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs sér um skrifstofuhald fyrir ráðið og leggur því til fundarritara. Skrifstofustjóri sviðsstjóra ber ábyrgð á fundarritun. Í upphafi árs skal kynna fundadagatal ráðsins. Þar komi m.a. fram tímasetning funda til undirbúnings starfs- og fjárhagsáætlunar og yfirferðar ársfjórðungsuppgjöra, ásamt tímasetningu opinna funda og samráðsfunda með hagsmunaaðilum eftir því sem við á.

Samráð

9. gr.

Skipulags- og samgönguráð ber ábyrgð á upplýsingamiðlun og samráði við íbúa, félagasamtök og aðra hagsmunaaðila sem tengjast verkefnum ráðsins. Auk lögbundins samráðs skal ráðið leita umsagna eða annars samráðs þegar við á og efni mála gefur tilefni til.

Við undirbúning veigamikillar stefnumörkunar til langs tíma skal leggja fram í ráðinu sérstaka áætlun um hvernig haga á samráði við stefnumótun.

Skipulags- og samgönguráði ber að halda a.m.k. einn opinn fund á ári.

Fjármál

10. gr.

Skipulags- og samgönguráð fær fjárhagsramma vegna verkefna sem undir það heyra og felur sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs að vinna starfsáætlun og tillögur í frumvarp að fjárhagsáætlun í samræmi við stefnumótun og forgangsröðun ráðsins.

Ráðið afgreiðir starfsáætlun og hefur eftirlit með að tillögur í frumvarpi að fjárhagsáætlun séu í samræmi við starfsáætlun og mótaða stefnu.

Tillögur um breytingar á rekstrinum sem leiða til breytinga á gjaldskrá eða þjónustu skal sérstaklega skýra og rökstyðja. Formaður ráðsins og sviðsstjóri kynna borgarráði starfsáætlun og tillögur í frumvarpi að fjárhagsáætlun.

Ráðningar

11. gr.

Borgarráð ræður sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs, að fenginni tillögu borgarstjóra, til fimm ára í senn. Sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs ræður skipulags- og byggingarfulltrúa, sbr. viðauka 2.5 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 715/2013. Sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs ræður einnig í aðrar stjórnunarstöður á umhverfis- og skipulagssviði. Stjórnendur á umhverfis- og skipulagssviði ráða aðra starfsmenn á starfsstaði sviðsins.

Fullnaðarafgreiðslur

12. gr.

Skipulags- og samgönguráð afgreiðir, án staðfestingar borgarráðs, verkefni samkvæmt viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 715/2013, í samræmi við heimildir í 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Málsmeðferð

13. gr.

Við undirbúning mála og stjórnvaldsákvörðanir skal þess gætt að farið sé að stjórnarsýslulögum og verklagsreglum um stjórnarsýsluna.

Óski aðili máls frekari rökstuðnings eða beri fram kvörtun vegna afgreiðslu skipulags- og samgönguráðs skal honum leiðbeint um réttarstöðu sína, m.a. um heimild til að óska endurupptöku stjórnvaldsákvörðunar í borgarráði með hliðsjón af skilyrðum 24. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Telji borgarráð að skilyrði endurupptöku séu fyrir hendi skal skipulags- og samgönguráð taka málið upp að nýju.

Þá skal aðila máls leiðbeint um rétt sinn til að skjóta afgreiðslu skipulags- og samgönguráðs til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan tiltekins frests, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála og 27. gr. stjórnarsýslulaga nr. 138/2011.

Um hæfi kjörinna fulltrúa og starfsmanna vísast í samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 715/2013.

Samþykkt þessi tekur þegar gildi og fellur þá jafnframt úr gildi samþykkt fyrir skipulags- og samgönguráð Reykjavíkurborgar frá 18. desember 2018.

*Samþykkt í borgarstjórn
18. júní 2019*

Stjórnkerfi (/stjornkerfi) > Fundargerðir (/fundargerdir)

Fundur nr. 52


Hlusta

(/facebook)

(/twitter)

SKIPULAGS- OG SAMGÖNGURÁÐ

Ár 2019, miðvikudaginn 30. október kl. 9:09 var haldinn 52. fundur skipulags- og samgönguráðs Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Borgartúni 12 - 14, 7. hæð. Ráðssal. Viðstaddir voru: Sigurborg Ósk Haraldsdóttir, Pawel Bartoszek, Hjálmar Sveinsson, Aron Leví Beck, Eyþór Laxdal Arnalds, Marta Guðjónsdóttir, Katrín Atladóttir og áheyrnarfulltrúarnir Ásta Þórdís Skjalddal Guðjónsdóttir, Baldur Borgþórsson og Ásgerður Jóna Flosadóttir. Eftirtaldir embættismenn sátu fundinn: Glóey Helgudóttir Finnsdóttir, Björn Axelsson, Þorsteinn Rúnar Hermannsson, Sigurjóna Guðnadóttir og Gréta Mar Jósepsdóttir. Fundarritari var Harri Ormarsson.

Vantar þig aðstoð? 

Fundarritari Harri Ormarsson

Þetta gerðist:

1. Stekkjarbakki Þ73, breyting á deiliskipulagi Elliðaárdals, Stekkjarbakki (04.6) Mál nr. SN160907 010147-3959 Guðrún Ágústsóttir, Mávahlíð 30, 105 Reykjavík

Lagt fram bréf Skipulagsstofnunar dags. 11. september 2019 þar sem bent er á að áður en gengið verður frá auglýsingu um samþykkt deiliskipulagsins í B-deild Stjórnartíðinda þurfi að gera betur grein fyrir eftirfarandi: Skilmálum um heimilað ljósmagn, leitað verði afstöðu Heilbrigðiseftirlits um viðmiðunarmörk vegna umferðarhávaða fyrir þjónustuíbúðir, fyrirkomulag á fráveitulögnum og önnur atriði sbr. bréfi stofnunarinnar. Einnig eru lagðir fram uppdættir Landslags dags. 14. desember 2018, síðast breyttir 27. september 2019 ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 27. sept. 2019.

Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 27. september samþykkt með fjórum atkvæðum fulltrúa Pírata, fulltrúa Viðreisnar og fulltrúa Samfylkingarinnar. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins greiða atkvæði gegn umsögninni. Vísað til borgarráðs.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins og áheyrnarfulltrúi Miðflokksins bóka:

Margar athugasemdir hafa komið fram varðandi uppbyggingu á atvinnustarfssemi í Elliðaárdal. Ein af þeim er ljósmengun, en Elliðaárdalurinn er skilgreindur sem það svæði sem hefur og á að hafa sem minnsta ljósmengun í skipulagi Reykjavíkurborgar. Í deiliskipulagi fyrir dalinn er gert ráð fyrir að ljósmengun sé ekki umfram E3 skilgreiningu sem þýðir að dalurinn á að vera með minni ljósmengun en önnur svæði í Reykjavík. Sú ákvörðun að setja á fót atvinnustarfssemi og þar að auki stórt gróðurhús gengur þvert gegn skilgreiningu í deiliskipulagi Elliðaárdals.

Fulltrúi Pírata, fulltrúi Viðreisnar og fulltrúar Samfylkingarinnar gagnbóka:

Hæpið er að halda því fram að hér sé verið að að ganga gegn skilgreiningum deiliskipulags dalsins. Hér er ákveðið er að fylgja flokki E2 en sá flokkur er viðmið fyrir utanhússlýsingu á dreifbýlissvæðum, og að auki er miðað við lægra gildi innan þess flokks sk. "post-curfew" viðmið. Í raun er verið að ganga lengra sem nemur raunverulegum myrkurgæðum í dalnum og stífari kröfur gerðar til myrkurverndunar en tíðkast hefur hér á landi.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins bókar:

Það er vont til þess að vita að skipulagsráð sé búið að auglýsa og samþykkja þessar framkvæmdir áður en búið er að bregðast við athugasemdum Skipulagsstofnunar? Er meiningin kannski bara að hinsa þessar athugasemdir? Við lestur bréfs frá Skipulagsstofnun fer ekki milli mála að heilmiklar efasemdir eru í gangi sem dæmi er varðar ljósmagn frá væntanlegri gróðurhvelvingu. Hér eru áhyggjur af ljósmengun. Stofnunin mælir með að leitað verði afstöðu Heilbrigðisefirlits um viðmiðunarmörk vegna umferðarhávaða fyrir þjónustuíbúðir, fyrirkomulag á fráveitulögnum og önnur atriði. Svo margt annað er óljóst í þessu stóra verkefni og má þar nefna hina umdeildu gróðurhvelvingu Aldin Biodome sem byggja á í Elliðaárdalnum á skipulagsreit. Hverjar eru fyrirætlanir með hana er ekki vitað. Hér er óttast enn eina ferðina enn að borgin sé að taka á sig óheyrilegar skuldbindingar. Borgin ætlar að taka á sig 80% kostnaðar framkvæmdaraðili 20%? Eins vantar að fá staðfest hvað verður um Gilsbakka sem Minjastofnun leggur til að verði verndað en í deiliskipulag er talað um að sé víkjandi. Flokkur fólksins vill að haft verði raunverulegt samráð við íbúana en ekki látið duga að hafa 1-2 gerfisamráðsfundi. Það verður aldrei sátt um nýtt þróunarsvæði á Stekkjarbakka nema það fari í íbúakosningu.

Fulltrúi Pírata, fulltrúi Viðreisnar og fulltrúar Samfylkingarinnar gagnbóka:

Það er hluti af eðlilegu lögformlegu ferli að svara athugasemdum Skipulagsstofnunar sem berast eftir að auglýsingartíma er lokið, athugasemdum hefur verið svarað og skipulagið samþykkt. Eftir það ferli er sveitarfélögum skylt að senda skipulagið til Skipulagsstofnunar sem hefur þá 4 vikur til að koma með athugasemdir. Hér er verið að bregðast við þeim **Wangarþing að Stekkjarbakka** neitt verið ákveðið um framkvæmdir eða kostnaðarskiptingu á færslu hitaveitulagnar á svæðinu.

Fulltrúi Liska Kristján Kristjánsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Fylgigögn

 [Stekkjarkakki þ73 \(https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/stekkjarkakki_73th_0.pdf\)](https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/stekkjarkakki_73th_0.pdf)

2. Funafold 42, breyting á deiliskipulagi (02.860.5) Mál nr. SN190581
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík

Lögð fram tillaga skrifstofu framkvæmda og viðhalds að breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar nr. 42 við Funafold. Í breytingunni felst að stækka núverandi leikskóla í Funafold og gera þar 6 deilda leikskóla auk einnar leikskóladeildar, stækka lóð leikskólans, fjölga bílastæðum, færa aðkomu að leikskólanum og færa til norðurs hjólastíg fyrir ofan núverandi lóðamörk, samkvæmt uppdr. umhverfis- og skipulagssviðs dags. 24. október 2019.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísað til borgarráðs.

Birkir Ingibjartsson verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

(C) Fyrirspurnir

Fylgigögn

 [Funafold 42 \(https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/funafold_42.pdf\)](https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/funafold_42.pdf)

3. Brautarholt 8, (fsp) hækkun húss (01.241.2) Mál nr. SN180823
570215-0350 Urban arkitektar ehf., Túngötu 45, 101 Reykjavík
181066-4079 Snorri Waage, Hlíðarbyggð 19, 210 Garðabær

Lögð fram fyrirspurn Urban arkitekta ehf. dags. 30. nóvember 2018 ásamt greinargerð dags. 27. nóvember 2018 um hækkun hússins á lóð nr. 8 við Brautarholt úr þremur hæðum í fimm hæðir, samkvæmt uppdr. Urban arkitekta ehf. dags. 16. nóvember 2018, breytt 11. október 2019. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 14. desember 2018. Lagt fram að nýju ásamt breyttum gögnum/tillögu 26. ágúst/11. október 2019, greinargerð dags. 21. október 2019 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. október 2019. Frestað.

(B) Byggingarmál

Fylgigögn


 [Brautarholt 8 \(https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/brautarholt_8.pdf\)](https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/brautarholt_8.pdf)


4. Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa, fundargerð Mál nr. BN045423

Fylgiskjal með fundargerð þessari er fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 1041 frá 22. október 2019.

(E) Samgöngumál

Fylgigögn

 [Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa \(https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/afgreidslufundur_byggingarfulltrua_5.pdf\)](https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/afgreidslufundur_byggingarfulltrua_5.pdf)

Vantar þig aðstoð? 

5. Týsgata við Lokastíg, stæði fyrir vöruafgreiðslu Mál nr. US190344

Lagt fram bréf dags. 24. október 2019 þar sem lagt er til að stæði í Týsgötu vestan Lokastígs verði skilgreint sem stæði til vöruafgreiðslu og þar verði ekki heimil lagning ökutækja. Bannið sé táknað með umferðarskilti B24.11 og undirmerki um að vöruafgreiðsla sé heimil ásamt gildislengd 15 metrar.

Samþykkt með fyrirvara um samþykki lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins sbr. 2. mgr. 81.gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Fylgigögn

 [Týsgata, vöruafgreiðsla \(https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/2019-10-24-tysgata_voruaufgreidsla.pdf\)](https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/2019-10-24-tysgata_voruaufgreidsla.pdf)

6. Reglur um bílastæði fyrir visthæfar bifreiðar í Reykjavík, endurskoðun Mál nr. US190346

Lagt er fram bréf dags. 28. október 2019 þar sem lagðar eru til nýjar reglur um heimild til að leggja bifreiðum sem skilgreindar eru visthæfar gjaldfrjálst í 90 mínútur í gjaldskyld bílastæði. Gert er ráð fyrir að nýjar reglur taki gildi 1. janúar 2020. Einnig er lögð fram skýrsla dags. október 2019 frá Parallel ráðgjöf.

Samþykkt.

Vísað til borgarráðs.

Fulltrúi Pírata, fulltrúi Viðreisnar og fulltrúar Samfylkingarinnar bóka:

Eftir því sem visthæfari bílum fjölgar er óhjákvæmilegt að falla þurfi frá sérstökum bílastæðaávilnunum í þeirra garð. Samanburður við aðrar borgir sýnir raunar að slíkar ívilnanir eru heldur fátíðar. Um sinn var þó talið réttast að halda ívilnunum áfram en einskorða þær við þá bíla undir 5 m sem ganga að fullu fyrir rafmagni eða vetni."

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins bókar:

Flokkur fólksins fagnar allri rýmku á reglum um heimild til að leggja bifreiðum sem skilgreindar eru visthæfar gjaldfrjáls í 90 mín. í gjaldskyld stæði. Flokkur fólksins lagði fram tillögu 6. Júní 2019 að Reykjavíkurborg rýmki aftur reglur um hvaða bílar teljist vistvænir og þeir sem það teljast geti lagt frítt í gjaldskyld bílastæði í allt að 90 mín. Skipulagsyfirvöld hafa verið allt of lengi að taka við sér í þessum efnum. Sú var tíðin að sparneytnir bílar (bensínbilar) höfðu þessa umbun en hún var síðan tekin af. Það kom á óvart og telur Flokkur fólksins það hafi verið mistök. Hvetja átti fólk fyrir löngu að hugsa í þessa átt þ.e. fyrst að aka vistvænum, sparneytum bílum og nú visthæfur bílum (metan og rafmagn.)

Fylgigögn



Skipulags- og samgönguráð

Málsnúmer: USK2019100080

24. október 2019

Týsgata við Lokastíg, stæði fyrir vöruafgreiðslu

Lagt er til að stæði í Týsgötu vestan Lokastígs verði skilgreint sem stæði til vöruafgreiðslu og þar verði ekki heimil lagning ökutækja. Bannið sé táknað með umferðarskilti B24.11 og undirmerki um að vöruafgreiðsla sé heimil ásamt gildislengd 15 metrar.

Samþykkt með fyrirvara um samþykki lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu sbr. 2. mgr. 81.gr. umferðarlaga nr. 50/1987.


Fyrir hönd skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar

Bjarni Rúnar Ingvarsson

Ráðgjafaverkfræðingur



Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið



Mynd 1 Lagt er til að heimilt verði að afgreiða vörur, en annars óheimilt að stöðva og leggja, á Týsgötu, merkt með rauðu. (LUKR)



Lúðvík Örn Steinarrson

From: Bjarni Hákonarson <bh@odinsve.is>
Sent: 7. nóvember 2019 15:48
To: Lúðvík Örn Steinarrson
Subject: FW: Breyting á skilmálum bílastæða

From: Bjarni Hákonarson
Sent: mánudagur, 4. nóvember 2019 08:44
To: Guðrún Birna Sigmarsdóttir <Gudrun.Birna.Sigmarsdottir@reykjavik.is>
Cc: Þorsteinn Rúnar Hermannsson <thorsteinnrh@reykjavik.is>
Subject: Breyting á skilmálum bílastæða

Sæl,

Nýlega virðist hafa verið breytt skilmálum á þeim stæðum sem sett voru upp hér fyrir framan hótelið. Þegar gatan var opnuð aftur voru þarna 3 gjaldstæði enda gjaldmælir settur upp á staðnum líka. Gestir okkar lagt þarna reglulega síðan. Allt í einu um eða fyrir helgi fóru gestir að fá 10.000 króna sektir fyrir að leggja í þessi „gjaldstæði“.

Okkur hefur ekki borist tilkynning um þær breytingar sem gerðar voru á stæðunum, né um skilmála og afleiðingar við að nota stæðin.

Þar af leiðandi höfum við ekki getað leiðbeint erlendum gestum okkar, um að nota ekki stæðin. Merkingar eru takmarkaðar, sérstaklega fyrir erlenda gesti. Ekkert „No parking“ skilti eða aðrar skýrar merkingar.

Ég vil fara fram á að við fáum upplýsingar um notkunarmöguleika og skilmála stæðanna.

Einnig að þær sektir sem gefnar hafa verið út til dagsins í dag og gestir hér hafa fengið í grandleysi, verði felldar niður. Hvert mál verði afgreitt sérstaklega skv. gögnum sem við fáum þegar gestir tékka út.

Takk,

Bjarni Hákonarson
Hotel Manager
Hótel Óðinsvé
Þórsgrata 1 - 101 Reykjavík - Iceland
Tel: +354-511-6200 Fax: +354-511-6201 Mobile: +354-821-0654
bh@odinsve.is
<http://www.odinsve.is/>



Lúðvík Örn Steinarsson

From: Bjarni Hákonarson <bh@odinsve.is>
Sent: 12. nóvember 2019 16:02
To: Lúðvík Örn Steinarsson
Subject: FW: Stæði fyrir framan Hótel Óðinsvé

Bjarni Hákonarson
Hotel Manager
Hótel Óðinsvé
Þórsgata 1 - 101 Reykjavík - Iceland
Tel: +354-511-6200 Fax: +354-511-6201 Mobile: +354-821-0654
bh@odinsve.is
<http://www.odinsve.is/>




From: Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir <Gudbjorg.Lilja.Erlendsdottir@reykjavik.is>
Sent: miðvikudagur, 28. ágúst 2019 09:43
To: Bjarni Hákonarson <bh@odinsve.is>
Cc: Guðrún Birna Sigmarisdóttir <Gudrun.Birna.Sigmarisdottir@reykjavik.is>; Þorsteinn Rúnar Hermannsson <thorsteinnrh@reykjavik.is>
Subject: SV: Stæði fyrir framan Hótel Óðinsvé

Sæll Bjarni

Stutta svarið er að svæðið sem er rétt vestan við Lokastíg verður merkt sem sleppistæði/vörulosunarstæði sem mun nýtast ykkur sem og öðrum hugsanlegum rekstraraðilum í nágrenninum (sjá gulan hring á mynd). Umferð er ekki meiri en svo um Týsgötu að leigubílar ættu einnig að geta stöðvað við götukantinn, við inngang hótelsins, til að hleypa farþegum út. Eftir breytingar verður einstefna á Týsgötu frá Skólavörðustíg að Þórsgötu og áfram niður að Óðinsgötu.

Kveðja
Guðbjörg Lilja



Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir

Yfirverkfræðingur samgöngumála

guðbjorg.lilja.erlendsdottir@reykjavik.is

Reykjavíkurborg Umhverfis- og skipulagssvið
Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar
Borgartúni 12-14 105 Reykjavík
Sími 411-1111

-----Upphaflegt skeyti-----

Frá: Bjarni Hákonarson <bh@odinsve.is>

Sent: miðvikudagur, 21. ágúst 2019 14:58

Til: Davíð Hildiberg Aðalsteinsson <david@basalt.is>; Guðrún Birna Sigmarsdóttir

<Gudrun.Birna.Sigmarsdottir@reykjavik.is>; Hrólfur Karl Cela <hrolfur@basalt.is>; Nikulás Úlfar Másson

<Nikulas.Ulfar.Masson@reykjavik.is>

Efni: Stæði fyrir framan Hótel Óðinsvé

Sæl,

Átti samtalið við verktakann að götu- og lagnaframkvæmdunum hér fyrir framan hótelið, varðandi frágang stæða fyrir framan inngang hótelsins.

Í mjög langan tíma, nokkurn veginn frá opnun hótelsins fyrir um 35 árum, hafa verið amk. tvö stæði hér fyrir framan, sem hafa alltaf verið gulmerkt og eingöngu ætluð af allra hálfu fyrir hótelið, þjónustu þess og öryggismál, s.s. lögreglu og sjúkrabíla og slökkvilið.

Skv. nýrri hönnun fyrir götuna er skv. meðfylgjandi teikningu, þeirri sem verktaki veit ekki betur en að hann eigi að fara eftir, er búið að breyta og fjarlægja þessi stæði, né nema að þau stæði sem þó verða enn fyrir framan hótelið en nær Skólavörðustíg, eigi að þjóna þessum tilgangi. Alla vega sjáum við ekki gert ráð fyrir þessum stæðum handan götunnar. Bleikmerkt sýnir aðalinngang hótelsins og orange sýnir hvar "okkar" stæði hafa hingað til verið.

Þá virðist gert ráð fyrir að auknu gangstéttarsvæði fyrir fram veitingastaðinn Snaps, væntanlega fyrir fleiri borð og stóla. Því leggjumst við alfarið gegn.

Í dag kvarta hótелgestir yfir reykmenkun reykningafólks sem gjarnan situr þarna, upp á herbergin fyrir ofan ásamt skvaldrinu sem fylgir, hávaða eftir að gestir eru farnir í ró.

Þessi breyting gerir þannig óbeint ráð fyrir margföldun þeirra áhrifa.

Því óskum við eftir samtali um þessa hönnun og framkvæmd til að áfram geti leigubílar flutt gesti á hótelið að inngangi þess en ekki annað, nú þegar leigubílatraffík gefur aukist eftir að rútur voru bannfærðar, að auðvelt og einfalt aðgengi sjúkrabíla og lögreglu verði tryggt sem hluti af öryggismálum gagnvart hótelinu, sem og slökkviliðs. Að hér verði stæði sem áfram verði gulmerkt, og alltaf að öðru leiti auð nema vegna umræddra flutninga.

Við erum gististaður í 35 ár í íbúðahverfi, hverfi sem er utan hávaðahluta miðbæjarins.

Við seljum okkar þjónustu einmitt upp á það, að hér sé rólegt, og hægt sé að koma gestum auðveldlega til og frá inngangi hótelsins.

Tryggjum þennan aðgang þessa aðkomu, og leyfum borðum og stólum að meginefni að vera handan götunnar á torginu, sem einmitt er verið að gera upp til þess.

Takk,

Bjarni Hákonarson

Hotel Manager

Hótel Óðinsvé

Pórgata 1 - 101 Reykjavík - Iceland

Tel: +354-511-6200 Fax: +354-511-6201 Mobile: +354-821-0654 bh@odinsve.is <http://www.odinsve.is/>

Nr. 5









UMBOÐ

Undirritaður f.h. Gamma ehf., kt. 650705-0410, Skógarhlíð 12, 105 Reykjavík, veiti hér með Lúðvík Erni Steinarssyni hrl., Lögmáli ehf., Skólavörðustíg 12, Reykjavík, umboð til þess að koma fram fyrir hönd félagsins vegna kæru þess til Úrskurðarnefndar umhverfis og auðlindamála, vegna ákvörðunar Skipulags- og samgönguráðs Reykjavíkurborgar að setja stæði fyrir vöruafgreiðslu Týsgötu við Lokastíg.

Nær umboð þetta til að koma fram fyrir hönd félagsins vegna málsins, leggja fram kæru til úrskurðarnefndarinnar, láta kærunefndinni í té gögn og e.a. fylgja kærinni eftir.

Nær umboð þetta jafnframt til upplýsingagjafar f.h. félagsins vegna málsins og annars sem téður umboðsmaður telur þurfa þykja.

Skal allt það sem téður umboðsmaður okkar gjörir varðandi ofangreint vera jafngilt og við hefðum það sjálf gjört.

Reykjavík 25. nóvember 2019

F.h. Gamma ehf.



Vottar að réttri dagsetningu, undirritun og fjárræði aðila:



Nafn og kennitala



Nafn og kennitala

UMBOÐ

Undirritaður f.h. Hótelis Óðinsvéa hf., kt. 670514-0640, Þórsgötu 1, 101 Reykjavík veiti hér með Lúðvík Erni Steinarssyni hrl., Lögmáli ehf., Skólavörðustíg 12, Reykjavík, umboð til þess að koma fram fyrir hönd félagsins vegna kæru þess til Úrskurðarnefndar umhverfis og auðlindamála, vegna ákvörðunar Skipulags- og samgönguráðs Reykjavíkurborgar að setja stæði fyrir vöruafgreiðslu Týsgötu við Lokastíg.


Nær umboð þetta til að koma fram fyrir hönd félagsins vegna málsins, leggja fram kæru til úrskurðarnefndarinnar, láta kæruneftinni í té gögn og e.a. fylgja kærinni eftir.

Nær umboð þetta jafnframt til upplýsingagjafar f.h. félagsins vegna málsins og annars sem téður umboðsmaður telur þurfa þykja.

Skal allt það sem téður umboðsmaður okkar gjörir varðandi ofangreint vera jafngilt og við hefðum það sjálf gjört.

Reykjavík 25. nóvember 2019

f.h. Hótelis Óðinsvéa hf.




Magnús

Vottar að rétttri dagsetningu, undirritun og fjárræði aðila:



Bjarni

Nafn og kennitala



John

Nafn og kennitala



Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála
Skuggasundi 3
101 Reykjavík

Reykjavík, 10. janúar 2020

Efni: Greinargerð Reykjavíkurborgar í máli nr. 119/2019 vegna kæru Hótels Óðinsvé ehf. og Gamma ehf., dags. 28. nóvember 2019, þar sem kærð er samþykki skipulags- og samgönguráðs Reykjavíkur frá 30. október 2019, fyrir vörulosunarstæði í Týsgötu vestan Lokastígs.

Með bréfi dags. 28. nóvember 2019, framsendi úrskurðarnefndin ofangreinda kæru og fór þess jafnframt á leit við skipulagsyfirkönd að þau lýstu viðhorfum sínum til kærunnar og létu úrskurðarnefndinni í té þau gögn sem gætu verið til upplýsinga við úrlausn málsins. Veitti stofnunin til þess mánaðarfrest. Með tölvupósti, dags. 23. desember sl., óskaði Reykjavíkurborg eftir auknum fresti skv. 5. mgr. 4. gr. laga um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála nr. 130/2011. Viðbótarfrestur var veittur með tölvupósti, dags. 27. desember 2019.

Í greinargerð þessari er viðhorfum Reykjavíkurborgar til kærunnar lýst.

Málsatvik:

Á Týsgötu, á milli Lokastígs og Þórgötu, voru áður tvö almenn bílastæði á gjaldsvæði 2. Fyrir framan bílastæðin var svæði sem ekki var skilgreint sem stæði og var því ekki ætlast til að ökutækjum væri þar lagt en bæði stæðin og umrætt svæði tilheyra borgarlandi.

Þann 30. október 2019 var samþykkt í skipulags- og samgönguráði Reykjavíkur, með fyrirvara um samþykki lögreglustjóra sbr. 2. mgr. 83. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, að stæði í Týsgötu, vestan Lokastígs, yrðu skilgreind sem stæði til vöruafgreiðslu og að þar yrði ekki heimil lagning ökutækja. Var þetta gert til að bregðast við þeirri miklu þörf sem myndast hafði fyrir slíku stæði á umræddu svæði sem þjónustað gæti þá fjölmörgu verslunar- og þjónustuaðila sem eru með starfsemi á svæðinu.

Kröfurgerð:

Vísað er til kröfu kæranda í kæru, dags. 28. nóvember 2019. Kærendur gera þá kröfu að samþykki skipulags- og samgönguráðs Reykjavíkur frá 30. október 2019 um að breyta stæðum í Týsgötu vestan Lokastígs í vöruafgreiðslustæði verði felld úr gildi.



Reykjavíkurborg krefst þess að málinu verði vísað frá úrskurðarnefndinni þar sem kærendur eigi ekki lögvarða hagsmuni tengdri þeirri ákvörðun sem kærð er. Samkvæmt 3. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála geta þeir einir kært stjórnvaldsákvarðanir til úrskurðarnefndarinnar sem eiga lögvarða hagsmuni tengda þeirri ákvörðun sem kæra á nema í tilteknum undantekningartilvikum sem þar eru greind. Verður að skýra þetta ákvæði í samræmi við almennar reglur stjórnsýsluréttar um aðild í kærumálum þar sem áskilið er að kærandi eigi lögvarða hagsmuni tengda þeirri ákvörðun sem kærð er. Bílastæðin tvö voru á borgarlandi og skilgreind almenn götustæði á gjaldsvæði 2. Var því ekki tryggt að viðskiptavinir kæranda hefðu tilkall til stæðanna né forgang að þeim. Þá var ekki fyrir hendi sérstök heimild fyrir því að kærendur eða viðskiptavinir hans hefðu afnot af svæðinu fyrir framan bílastæðin tvö en hvoru tveggja, bílastæðin og svæðið fyrir framan þau, tilheyra borgarlandi.

Málsástæður og lagarök:

Málsástæður kæranda koma fram í kæru, dags. 28. nóvember 2019, og er vísað til hennar.

Greinargerð Reykjavíkurborgar:

Í 2. mgr. 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 segir meðal annars að lögreglustjóri geti, að fengum tillögum sveitarstjórnar, kveðið á um önnur varanleg sérákvæði um notkun vegar svo sem stöðvun og lagningu ökutækja. Þá kemur fram í 2. mgr. 83. gr. sömu laga að sveitarstjórn er heimilt að setja reglur um notkun stöðureita og gjaldtöku fyrir hana á landi í umráðum hennar en reglurnar skulu samþykktar af lögreglustjóra. Í nýjum umferðarlögum nr. 77/2019 eru þessar heimildir að finna í 1. mgr. 84. gr. og 2. mgr. 86. gr.

Á umræddum stað voru áður tvö almenn bílastæði á gjaldsvæði 2. Fyrir framan bílastæðin var svæði sem ekki var skilgreint sem stæði og er hvoru tveggja í borgarlandi. Við endurskipulagningu á svæðinu voru bílastæðin tvö fjarlægð og ákveðið að nýta þau sem vöruafgreiðslustæði en mikil þörf var fyrir slíkt stæði og voru mjög háværar raddir frá verslunar- og þjónustuaðilum á svæðinu, sem eru fjölmargir, að slíkt stæði vantaði. Á umrætt vöruafgreiðslustæði að koma til móts við þá þörf og þjónusta alla þá aðila en ekki einungis kæranda, sem hefur, eins og fram hefur komið í kæru, afnot af eigin vöruafgreiðslustæði. Telur Reykjavíkurborg að gætt hafi verið að meðalhófsreglu stjórnsýsluréttarins í hvívetna við ákvörðunartöku og staðsetningu á stæðinu. Áfram eru 3 stæði á Týsgötu, á milli Skólavörðustígs og Lokastígs sem er í um 15 metra fjarlægð. Við val á staðsetningu fyrir vöruafgreiðslustæði þarf helst að horfa til nærumhverfis þess og aðstæðna í kring. Ákjósanleg staðsetning slíkra stæða er á svæði þar sem umferðarmagn er lítið, hraði umferðar lítill og fjöldi óvarinna vegfarenda er í lágmarki. Að lokum er horft til vegalengda og yfirborð gatna og göngustíga.

Á umræddum stað er umferðarmerki B24.11, sbr. reglugerð nr. 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra, sem gefur til kynna bann við stöðvun ökutækja. Merkið ber að nota þar sem



bannað er að stöðva ökutæki, enda sé stöðvun eigi nauðsynleg vegna annarrar umferðar. Hliðstæðar reglur gilda um notkun þessa merkis og um notkun merkisins B21.11. Umferðarmerkið B21.11, sbr. reglugerð nr. 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra, gefur til kynna bann við lagningu ökutækja. Bannið tekur til þess vegarhælmings sem merkið er á og gildir í akstursstefnu frá þeim stað sem merkið er á og að næstu vegamótum. Þá er undirmerki sem vísar til þess að vöruafgreiðsla/vörulósun sé heimil frá þeim stað sem merkið er og næstu 20 metrana. Það þýðir að hver sem er, sem er í sýnilegri vöruafgreiðslu eða lestun og losun, hefur heimild til að stöðva í staðinu á meðan vöruafgreiðsla á sér stað. Þessi heimild getur einnig átt við aðila sem eru að flytja töskur inn eða út af hótelinu eða taka upp farþegar frá hótelinu, svo lengi sem sýnileg vöruafgreiðsla eða lestun og losun á sér stað eða verið er að hleypa farþegum inn eða út.

Niðurstaða:

Reykjavíkurborg áréttar kröfu sína að málinu verði vísað frá úrskurðarnefndinni þar sem kærendur hafa ekki lögvarða hagsmuni tengda þeirri ákvörðun sem kærð er. Staðin tvö sem voru fjarlægð voru almenn bílastæði á borgarlandi sem kærendur og viðskiptavinir þeirra höfðu ekkert tilkall til eða forgang í. Samkvæmt umferðarlögum hefur sveitarstjórn fulla heimild til gera tillögur að varanlegum sérákvæðum um notkun vega, þar á meðal um stöðvun eða lagningu ökutækja. Þá hefur sveitarstjórn heimild til setja reglur um notkun stöðureita og gjaldtöku fyrir hana á landi í umráðum hennar. Í um 15 metra fjarlægð eru 3 almenn bílastæði á gjaldsvæði 2 fyrir utan bílastæði í nærliggjandi götum. Merkingar gefa til kynna að hver sem er, sem er í sýnilegri vöruafgreiðslu eða lestun og losun, hafi heimild til að stöðva í vöruafgreiðslustaðinu á meðan lestun eða losun á sér stað. Þessi heimild getur einnig átt við aðila sem eru að flytja inn töskur á hótelið eða taka upp farþegar frá hótelinu, svo lengi sem sýnileg vöruafgreiðsla eða lestun og losun á sér stað eða verið er að hleypa farþegum inn eða út. Af öllu framansögðu er ljóst að kærendur eiga ekki lögvarða hagsmuni tengdri þeirri ákvörðun sem kærð er og krefst Reykjavíkurborg því að málinu verði vísað frá úrskurðarnefndinni..

Verði ekki fallist á að vísa málinu frá úrskurðarnefndinni óskar Reykjavíkurborg eftir að fá að að svara kærinni efnislega.

Áskilnaður:

Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til þess að svara frekar málsástæðum kæranda á síðari stigum málsins.

f.h. umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur

Vigdís Þóra Sigfúsdóttir, lögfr.



Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið



Árið 2020, föstudaginn 31. janúar, tók Nanna Magnadóttir, formaður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, með heimild í 3. mgr. 3. gr. laga nr. 130/2011 fyrir:

Mál nr. 119/2019, kæra á ákvörðun skipulags- og samgönguráðs Reykjavíkur frá 30. október 2019 um að stæði í Týsgötu vestan Lokastígs verði skilgreind sem stæði til vöruafgreiðslu og að þar verði ekki heimil lagning ökutækja.

Í málinu er nú kveðinn upp svofelldur

úrskurður:

Með bréfi til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 28. nóvember 2019, er barst nefndinni sama dag, kæra Hótel Óðinsvé ehf., Þórsögðu 1, og Gamma ehf., eigandi Týsgötu 8, þá ákvörðun skipulags- og samgönguráðs Reykjavíkur frá 30. október 2019 að stæði í Týsgötu vestan Lokastígs verði skilgreint sem stæði til vöruafgreiðslu og að þar verði ekki heimil lagning ökutækja. Er þess krafist að ákvörðunin verði felld úr gildi og að þau bílastæði sem um ræði verði almenn bílastæði á gjaldsvæði 2.

Gögn málsins bárust úrskurðarnefndinni frá Reykjavíkurborg 10. janúar 2020.

Málsatvik og rök: Hinn 30. október 2019 var á fundi skipulags- og samgönguráðs Reykjavíkur lagt fram bréf skrifstofu og samgöngustjóra og borgarhönnunar, dags. 24. október 2019, þar sem lagt var til að stæði í Týsgötu vestan Lokastígs verði skilgreind sem stæði til vöruafgreiðslu og að þar verði ekki heimil lagning ökutækja. Var tillagan samþykkt með fyrirvara um samþykki lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins, sbr. 2. mgr. 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Kærendur vísa til 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála og 27. gr. stjórnisýslulaga nr. 138/2011 varðandi kæruheimild. Þeir séu hagsmunagæsluáðilar við Týsgötu, Þórsögðu og Lokastíg. Um langt árabíl hafi vöruafgreiðsla fyrir hótelið og veitingastaði þess verið um bakhurð í bílastæðaporti við Lokastíg í samræmi við óskir Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. Séu húsnæði kærenda í raun einu húsnæðin við Óðinstorg og nálægar götur sem þurfi á reglulegum vöruafgreiðslum að halda. Hafi fyrirkomulagið við að afhenda varning gengið vel og ekki verið nokkrum til ama. Með fyrirhuguðum breytingum verði ekkert bílastæði fyrir framan hótelið sem sé algjörlega ótækt. Þau örfáu bílastæði sem séu eftir séu nú einvörðungu ætluð til vöruafgreiðslu í stað þess að gestir hótelsins og veitingastaðarins, sem og aðrir sem sækja þjónustu í hverfið, geti nýtt sér bílastæðin. Þau verði meira og minna ónotuð þrátt fyrir þann mikla hörgul sem sé á bílastæðum í hverfinu. Hagsmunir eiganda Týsgötu 8 fari saman við hagsmuni hótelsins að þessu leyti þar sem íbúðir félagsins við Týsgötu 8 séu nýttar til skammtímagistingar. Þá sé fyrirhuguð framkvæmd ekki í samræmi við skipulag. Í athugasemdum kærenda við greinargerð Reykjavíkurborgar áréttar þeir að lögvarðir hagsmunir þeirra séu fyrir hendi og að nefndinni beri að taka málið til efnislegrar meðferðar. Af hálfu Reykjavíkurborgar er þess krafist að málinu verði vísað frá úrskurðarnefndinni þar sem kærendur hafi ekki lögvarða hagsmuni tengda þeirri ákvörðun

sem kærð sé. Umrædd stæði séu almenn bílastæði á borgarlandi sem kærundur og viðskiptavinir þeirra hafi ekkert tilkall til eða forgang í. Samkvæmt umferðarlögum nr. 50/1987 hafi sveitarstjórn fulla heimild til að gera tillögur að varanlegum sérákvæðum um notkun vega, þar á meðal um stöðvun eða lagningu ökutækja.

Niðurstaða: Samkvæmt 1. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála hefur úrskurðarnefndin það hlutverk að úrskurða í kærumálum vegna stjórnvaldsákvarðana og ágreiningsmálum vegna annarra úrlausnatriða á sviði umhverfis- og auðlindamála eftir því sem mælt er fyrir um í lögum á þessu sviði. Er slíka kærheimild t.a.m. að finna í 52. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem segir að stjórnvaldsákvarðanir sem teknar eru á grundvelli laganna sæti kærur til úrskurðarnefndarinnar. Verður þó ekki séð að fyrir liggji nein ákvörðun samkvæmt þeim lögum heldur var hin kærða ákvörðun tekin á grundvelli 2. mgr. 81. gr. þágildandi umferðarlaga nr. 50/1987 er mælir fyrir um að lögreglustjóri geti, að fengnum tillögum sveitarstjórna, kveðið á um önnur varanleg sérákvæði um notkun vegar til umferðar, svo sem stöðvun og lagningu ökutækja, sbr. a-lið ákvæðisins. Almenna kærheimild til úrskurðarnefndarinnar er ekki að finna í nefndum umferðarlögum. Þá verða tillögur sveitarstjórna ekki bornar undir úrskurðarnefndina þar sem aðeins þær ákvarðanir sem binda endi á mál verða bornar undir kærustjórnvald samkvæmt 2. mgr. 26. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Verður kærumáli þessu af framangreindum sökum vísað frá nefndinni.

Úrskurðarorð:

Kærumáli þessu er vísað frá úrskurðarnefndinni.

Nanna Magnadóttir (sign)